



Fundargerð

23. fundar stjórnar FRÍ á starfstímabilinu 2014-2016, haldinn
Fimmtudaginn 13. ágúst 2015 kl. 20:00, á skrifstofu FRÍ.

Mætt: Einar Vilhjálmsson (EV), Lóa Björk Hallsdóttir (LBH), Fríða Rún Þórðardóttir (FRÞ), Stefán Skafti Steinólfsson (SSS). Aðrir stjórnarmenn boðuðu forföll. Starfandi framkvæmdastjóri Haukur Þór Haraldsson (HÞH) sat fund að hluta til.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Boðun og dagskrá fundar: Samþykkt.
2. Samþykkt fundargerða:
 - 2.1 Fundargerðir 20. og 21. fundar áður samþykktar í tölvupósti lagðar fram og samþykktar.
 - 2.2 Fundargerð 22. fundar áður samþykkt í tölvupósti lögð fram yfirfarin og samþykkt.
3. Alþjóðanefnd FRÍ - skipunarbréf og starfsmenn nefndarinnar.
 - 3.1 Formaður tilgreindi að hafa óskað eftir því að fyrrverandi formenn FRÍ (FFF) veiti stjórn FRÍ álit/tillögu að emættisbréfi/skipunarbréfi fyrir Alþjóðanefnd FRÍ. Að tillögunni stóðu Magnús Jakobsson, Stefán Halldórsson og Jónas Egilsson. Helgi Sigurður Haraldsson veitti tillögunni umsögn. Tillaga FFF hafði verið send stjórnarmönnum FRÍ og var lögð fram á fundinum. Fyrrum formönnum var þakkað gott starf.
 - 3.2. Tillaga FFF var rædd á 23. fundi stjórnar. Fundarmenn samþykktu að innleiða í áföngum hlutverk og ábyrgðarsvið samkvæmt tillögu FFF.
 - 3.3. Formaður lagði fram drög að tillögu um áfanga-1 um hlutverk og ábyrgðarsvið Alþjóðanefndar og samþykkt að fela formanni að fullmóta tillögu fyrir næsta fund stjórnar til samþykktar. Skipan formanns nefndarinnar var því frestað. Til máls tóku EV, LBH, SSS og FRÞ.
4. Málefni tengd alþjóðlegu samstarfi FRÍ
 - 4.1. Opinber stuðningsyfirlýsing Jónasar Egilssonar í nafni AASSE við annan frambjóðanda af tveimur í kosningabaráttu til forseta IAAF var rædd. Stjórnarmenn sammála um að yfirlýsingin setti stjórn FRÍ í erfiða stöðu gagnvart samstarfsaðilum innan AASSE. Formaður rakti þá erfiðu stöðu sem stjórn FRÍ var óvænt sett í með yfirlýsingu Jónassar í nafni AASSE og lagði fram afrit af nokkrum tölvupóstum sem borist höfðu formanni FRÍ frá sambandsaðilum AASSE þar sem yfirlýsingu Jónasar var mótmælt. Fram kom að eftir að mótmæli höfðu borist Jónasi frá meðlimum AASSE sendi Jónas sambærilega yfirlýsingu í nafni AASSE til flestra smáþjóða heims sem olli enn meiri óánægju meðal meðlima AASSE.
 - 4.2. Formaður áréttaði að FRÍ eigi mikið undir því að geta átt gott samstarfi við erlend sérsambönd og samtök sem FRÍ er aðili að eins og nýafstaðnir Smáþjóðaleikar á Íslandi bera glöggvitni. Lykilatriði í góðu samstarfi er að traust ríki milli samstarfsaðila og yfirlýsingar Jónasar kalli á ábyrg viðbrögð af hálfu stjórnar FRÍ.
 - 4.3. Fram kom að meðlimir AASSE hafi margir hverjir fylgt stefnu hlutleysis, hvað varðar opinberar stuðningsyfirlýsingar í kosningum til æðstu embætta innan EAA og IAAF. Fram kom að formaður frjálsíþróttasambands Monaco, Albert II prins af Monaco, hafi lagt mikla áherslu á hlutleysi Monaco í kosningum af þeim toga sem hér um ræðir. Í sama streng tók formaður frjálsíþróttasambands Luxemborgar, Claude Haagen.
 - 4.4. EV greindi frá því að í kjölfar tölvupósta frá meðlimum AASSE hafði formaður FRÍ haft samband við nokkra meðlimi AASSE og kunngerði Sebastian Coe í kjölfarið að yfirlýsing formanns AASSE hafi verið birt án samþykkis meðlima AASSE sem kröfðust þess að yfirlýsing formanns AASSE verði dregin til



baka. Sebastian Coe þakkaði fyrir upplýsingarnar og lagði áherslu á mikilvægi þess að virða rétt allra í samstarfi þjóða. Jafnframt tilgreindi EV að Sergey Bubka hafði haft samband við stjórn FRÍ og óskað eftir upplýsingum um það hvort meðlimir AASSE stæðu að baki yfirlýsingu formanns AASSE og fékk hann staðfestingu frá formanni FRÍ um að svo væri ekki. Til máls tóku EV, SSS, LBH og FRÞ.

4.5. Samþykkt var á fundinum að árétta með bókun stefnu stjórnar FRÍ, sem áður hafði verið rædd á stjórnarfundum, að FRÍ gæti hlutleysis hvað varðar opinberar yfirlýsingar í kosningabaráttu til æðstu embættanna IAAF og EAA.

4.6. Samþykkt var á fundinum að birta frétt í fréttaveitu FRÍ á íslensku og ensku þar sem fram kæmi að stjórn FRÍ stæði ekki á bak við opinbera yfirlýsingu formanns AASSE og hefði ekki veitt samþykki sitt fyrir opinberri stuðningsyfirlýsingu við annan tveggja í kosningabaráttu til forseta IAAF. Jafnframt var samþykkt að fram kæmi í fréttum á íslensku og ensku sú stefna stjórnar FRÍ að gæta hlutleysis í kosningum til æðstu embættanna innan EAA og IAAF og að stjórn FRÍ harmi þau óþægindi sem yfirlýsingin hafi valdið meðlimum AASSE.

4.7. Formaður lagði fram tillögu að texta fyrir frétt á íslensku og var hann samþykktur til birtingar á íslensku og ensku á heimasíðu FRÍ. Formaður óskaði eftir að fá að vinna meira með textann og breyta orðalagi í framlögðum texta svo fremi að innihald héldi sér að efni til og var það samþykkt. Formanni var falið að birta fréttirnar í fréttaveitu FRÍ og benti formaður á að það þyrfti að gera fyrir brottför hans til Kína á laugardagsmorgninum 15 ágúst. Formaður lýsti yfir vilja til að senda fundarmönnum texta fréttanna fyrir birtingu ef tími gæfi til þess en áréttaði að efni fréttanna yrði samkvæmt framlögðum texta sem samþykktur var að efni til á fundinum.

Til máls tóku LBH, EV, SSS og FRÞ.

5. Ráðning Framkvæmdastjóra FRÍ

Formaður greindi frá því, sem áður var samþykkt af stjórnarmönnum í tölvupósti, að staða framkvæmdastjóra FRÍ hafi verið auglýst í fjölmiðli laugardaginn 8. ágúst og tilkynning um starfið hafi verið send til sambandsaðila. Umsóknarfrestur er til og með 24. ágúst. Til máls tóku EV, SSS.

6. Álit laganefndar FRÍ um kæru á MÍ í 5km götuhlaupi.

6.1 Formaður greindi frá því að álit laganefndar FRÍ um kæruefni Ingvars Hjartarsonar vegna atviks sem átti sér stað á MÍ í 5km götuhlaupi hafði verið sent til aðalstjórnarmanna samdægur og það barst 12. ágúst og var það lagt fram á fundinum. Varmenn fengu erindið sent síðdegis sama dag og fundurinn var haldinn.

6.2. Formaður tilkynnti að forsvarsmenn hlaupsins og yfirþjálfari ÍR, Þráinn Hafsteinsson, hafi fengið álit laganefndar sent í tölvupósti samdægur og það barst stjórn FRÍ þann 12. ágúst með upplýsingum um að álit laganefndar FRÍ yrði tekið til umræðu á stjórnarfundum FRÍ fimmtudagskvöldið 13. ágúst k. 20:00 og þess óskað að forsvarsmenn hlaupsins yrðu í sambandi við formann FRÍ. Formaður gat þess að í samtali við yfirþjálfara ÍR 13. ágúst áréttaði hann að tímaramminn fyrir kæru á úrskurði stjórnar FRÍ væru 7 dagar og að stjórn FRÍ hefði áður samþykkt á stjórnarfundum að fylgja álitum laganefndar FRÍ hvert sem það yrði. Andmælaréttur vegna niðurstöðu laganefndar kom til umræðu í samtali formanns og yfirþjálfara ÍR og engin skilaboð um annað en að 7 dagar kærufrestur á úrskurði sem byggði á álitum laganefndar væri nægur tími til að ákveða næstu skref. Formaður gat um símtal við þjálfara Arnars, Gunnar Pál Jóakimsson, þann 13. ágúst og skilaboð frá honum um að niðurstaða laganefndar FRÍ yrði rædd við Arnar sama dag og honum kunnert að stjórn FRÍ tæki málið til meðferðar á stjórnarfundum um kvöldið.



6.3. Á fundinum voru fyrri áform stjórnar FRÍ staðfest um að fylgja álitni laganefnda FRÍ um ákæruatriðin og álitni nefndarinnar um það hvort stjórn FRÍ ætti að vísa málinu frá eða taka það upp og úrskurða í málinu að nýju.

6.4. Álit laganefndar var einróma þess efnis að árangur þess keppanda sem kom fyrstur í mark á MÍ í 5km götuhlaupi 2015 væri ógildur og því ekki bær til að vera listaður í afrekaskrá FRÍ.

6.5. Fram kom einróma álit laganefndar FRÍ að stjórn FRÍ ætti að taka málið fyrir og úrskurða í málinu að nýju.

6.6. Stjórn FRÍ hafði áður á stjórnarfundum ályktað um það atvik sem um ræðir í kæru Ingvars og átti sér stað í síðustu beygju á hlaupaleið keppinnar. Í fundargerð 19. stjórnarfundar FRÍ kemur eftirfarandi fram ; „ Á fundinum var kæra frá Ingvari Hjartarsyni rædd og var stjórn sammála um að vísa henni til Laganefndar FRÍ til umsagnar og álitsgjafar fyrir stjórn FRÍ. Stjórnarmenn voru sammála um það að gögn sýni að krýndur sigurvegari hlaupsins hljóp út af mældri hlaupaleið í síðustu beygju hlaupsins.“ .

6.7. Forsvarsmönnum hlaupsins, keppendum, þjálfurum ÍR og öðrum sem létu sig mál þetta varða mátti vera ljóst að ef álit laganefndar FRÍ vísaði til þess að árangur sigurvegarans væri ógildur og að stjórn FRÍ ætti að taka málið upp og úrskurða í því að nýju, þá yrði niðurstaða í samræmi við álit laganefndar.

6.8. Samþykkt var á 23. stjórnarfundum að fylgja álitni laganefndar FRÍ. Samþykkt var að krýndur sigurvegari á MÍ í 5km götuhlaupi 2015 hafi gert ógilt og árangur hans verði því fjarlægður af afrekaskrá FRÍ. Samhliða var því staðfest að Ingvar Hjartarson er Íslandsmeistari í 5km götuhlaupi 2015, að silfurverðlaunahafi er Sæmundur Ólafsson og bronsverðlaunahafi Ármann Eydal Albertsson. Til máls tóku EV, LBH, FRÞ og SSS.

7. HM 2015 í Kína. Stjórnarmenn fögnuðu því að Ásdís Hjálmsdóttir og Aníta Hinriksdóttir hafi báðar öðlast þátttökurétt á HM Peking og að Gunnar Páll Jóakimsson og Terry Machuge fylgi keppendum. Staðfest var að búið er að gagna frá skráningu allra í skráningakerfi IAAF og að formaður FRÍ muni sitja þing IAAF fyrir heimsmeistaramótið og vera með hópnum á HM í kjölfarið. Kosnaður vegna formanns FRÍ greiðist af IAAF. Til máls tóku EV, FRÞ, LBH.

8. NM unglunga í Finnlandi

Fríða Rún formaður unglunganefndar og aðalstjórnarmaður á fundinum fór yfir undirbúning að þátttöku Íslands á mótinu en Ísland sendir sameiginlegt lið með Dönnum eins og verið hefur undanfarin ár. Stjórnarmenn fagna góðri vinnu nefndarinnar og staðfestu þátttöku 9 keppenda á mótinu, þar sem Aníta væri meðal keppenda á HM. Þjálfararnir Eggert Bogason og Elísabet Ólafsdóttir munu fylgja hópnum til keppni í Espoo Finnlandi dagana 28. - 30. ágúst. Samþykkt var að fimm þátttakendur öðluðust sjálfkrafa þátttökurétt á mótinu og greiða því 25.000 kr hver keppandi. Fimm aðrir sem náðu ekki lágmarki til þátttöku á EM öðlast einnig þátttökurétt og greiða þeir 60.000 kr hver keppandi. Til máls tóku FRÞ, EV og LBH.

9. Fræðslumál – IAAF Level II CECS 2015 námskeið

Samþykkt var að halda þjálfaranámskeið IAAF fyrir 2. stig ef þátttaka verður nægjanleg og að Alberto Borges stýri framkvæmd þess. Til máls tóku EV, FRÞ.



10. Skýrslur forsvarsmanna í keppnisferðum á vegum FRÍ

Samþykkt tillaga frá Fríðu Rún að óska eftir því við forsvarsmenn í keppnisferðum á vegum FRÍ að þeir skili inn skýrslu til stjórnar FRÍ, um ferðina og aðdraganda hennar. Leiðbeiningar við skýrslugerðina eru í vinnslu og bíða samþykktar stjórnar FRÍ. Til máls tóku FRÞ, EV, SSS og LBH.

11. Kostnaður FRÍ vegna Smáþjóðaleika. Samþykkt að keppendur á Smáþjóðaleikum greiði 25.000 kr. /keppanda vegna þátttöku á Smáþjóðaleikunum, fyrir veitingar og íþróttagalla sem ÍSÍ hefur gert FRÍ að greiða fyrir. ÍSÍ fór fram á kostnaðarþátttöku frá FRÍ vegna þátttöku á Smáþjóðaleikum sem nemur 30.000 kr /keppanda til að mæta kostnaði ÍSÍ vegna þátttöku FRÍ á leikunum. Tilkynning ÍSÍ kom eftir að fjárhagsáætlun stjórnar FRÍ hafði verið samþykkt á þingi sambandsins í september 2014 og eftir endurskoðun á fjárhagsáætlun FRÍ í lok janúar 2015. Stjórn FRÍ fór fram á að fá að nýta sér vallarumgjörð sína og keppnisnúmer á Smáþjóðaleikum til fjáröflunar fyrir sambandið á leikunum en því var hafnað af ÍSÍ. Fjárhagsstaða FRÍ veitir sambandinu ekki svigrúm til að bera þennan kostnað og því ákveðið að íþróttamenn beri þennan kostnað eins og um hefði verið að ræða Smáþjóðaleika erlendis. Til máls tóku EV, LBH, SSS og FRÞ.

12. Fundarmenn voru upplýstir um að Hauki Þór hafi boðist starf hjá Reykjavíkurborg sem hann hyggst taka. Samþykkt var að loka skrifstofu FRÍ á dagvinnutíma frá 17. ágúst til 7. september og að Haukur tilkynni sambandsaðilum um það og að Lóa Björk og Haukur Þór hafi lykla að skrifstofu FRÍ og veiti alla aðkallandi þjónustu við sambandsaðila utan hefðbundins vinnutíma. Fríða Rún bauðst til að taka við símtölum sem berast myndu skrifstofunni. Til máls tóku EV, LBH, SSS og FRÞ.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 22:27.
Fundargerð ritaði Stefán Skafti Steinólfsson.

Fylgiskjal með 23. fundargerð – Álit Laganefndar FRÍ- sjá að neðan



Álit Laganefndar FRÍ v/kæru varðandi Víðvangshlaup ÍR/MÍ í 5km götuhlaupi 2015.

Laganefnd hefur fengið til umsagnar kæru Ingvars Hjartarsonar (kt. 031294-2159), þar sem hann kærir til stjórnar FRÍ atvik sem varð í Víðvangshlaupi ÍR þann 23. apríl 2015, en hlaupið var jafnframt Meistaramót Íslands í 5km götuhlaupi.

Í kærinni er að finna athugasemdir við fjóra þætti sem áttu sér stað í viðkomandi hlaupi:

- 1) Atvik á endaspretti þar sem keppandinn Arnar Pétursson hljóp fram úr kæranda, eða eins og segir í kærinni, „Arnar hins vegar fór hinum megin við ljósastaurinn sem er í enda miðeyjunnar og hljóp skálínu í gegnum beygjuna og gat þannig stýtt hlaupaleiðina auk þess sem hann tók töluvert mýkri beygju og missti ekki niður eins mikinn hraða og ég, þar sem ég þurfti að taka 90° beygju.“ Arnar kom fyrstur í mark í hlaupinu, en kærandi annar. Kæran byggir á því að með athæfi sínu hafi keppandinn Arnar Pétursson farið út fyrir markaða braut hlaupsins.
- 2) Að í ræsingu hafi ekki heyrst skot úr startbyssu og að keppandinn Arnar Pétursson hafi hlaupið af stað á undan öðrum keppendum.
- 3) Að ekki hafi verið unnt að ná til yfirdómara til að kæra framangreind atvik áður en að verðlaun í hlaupinu voru afhent.
- 4) Að úrslit í hlaupinu hafi í raun aldrei verið formlega tilkynnt. Er þetta tiltekið í kæru sérstaklega til að rökstyðja að ekki sé of seint að kæra.

Laganefnd hefur haft kærana til skoðunar um nokkra hríð. Réðu því bæði miklar annir nefndarmanna, en einnig sú staðreynd að ekki voru þekkt fordæmi og þurfti laganefnd því að leita víða fanga við öflun fordæma og að taka saman þau sjónarmið sem á endanum ráða mati nefndarinnar. Nefndin skilar álitinu sínu einróma og setur það fram í köflum I-V hér á eftir.

- I. Laganefnd vill fyrst leggja mat sitt á hvort stjórn FRÍ sé heimilt að taka kærana til meðferðar, eða vísa skuli henni frá.

Heimild stjórnar til að úrskurða í kærumálum af þessu tagi er að finna í 1. mgr. 25. gr. laga FRÍ, en þar segir:

Dómstólar ÍSÍ fara með mál sem upp kunna að koma innan frjálsíþróttahreyfingarinnar. Stjórn FRÍ getur þó úrskurðað í málum er varða keppnisreglur. Skal þá farið eftir reglum IAAF, eftir því sem við á. Slíkum úrskurði geta aðilar þó vísað til dómstóls ÍSÍ eða stjórnar IAAF, eða Alþjóða íþróttadómstólsins (CAS), eftir því sem við á hverju sinni.

Hér kemur það fyrst til skoðunar hvort atvikið sem slíkt varði keppnisreglur í skilningi ákvæðisins. Í kærinni er m.a. vísað til þess að tiltekna reglur IAAF hafi verið brotnar og óskað eftir að stjórn FRÍ úrskurði þar um. Þó að nefndin telji almennt ekki æskilegt að stjórn FRÍ taki til endurskoðunar atvik sem gerast í keppni, þá telur nefndin að í ákvæðinu felist heimild fyrir stjórn FRÍ að gera slíkt og verður að telja að það eigi einkum við þegar mjög sérstaklega stendur á. Telja verður að atvik þessa máls séu margra hluta vegna mjög sérstök og geti réttlætt það að stjórn FRÍ nýti heimild sína til að taka málið til meðferðar.



Að jafnaði er í reglum IAAF og FRÍ að atvik sem gerast í keppni skuli kærð til yfirdómara mótsins, en sé það ekki gert teljist þeim lokið. Eins og nánar verður farið yfir í kafla IV hér á eftir var kæranda ekki unnt að neita þess úrræðis á keppnisstað.

Að mati nefndarinnar er ekki rétt að kærandi beri halla af því. Í ljósi þess að kæran kom fram innan þess sem nefndin telur vera eðlilegan tíma frá viðkomandi atviki, auk þess sem ekki er tilgreindur sérstakur kærufrestur í lögum FRÍ, þá er það mat laganefndar að stjórn FRÍ ætti að taka kærana til efnislegrar meðferðar og úrskurða í henni.

- II. Í kærinni er vísað til myndbands sem birt var á vef RÚV af hinu kærða atviki og hefur laganefnd lagt þá upptöku til grundvallar við mat sitt á atvikinu.

Á upptökunni sést að kærandi og keppandinn Arnar Pétursson eru nálægt því samhliða þar sem þeir nálgast síðustu beygju á brautinni, sem er vinkilbeygja á gatnamótum. Þegar hlaupararnir nálgast hornið þá hleypur Arnar, sem er innar á brautinni, yfir steiptan kant og fyrir innan ljósastaur sem staðsettur er á enda kantsins við hornið þar sem göturnar mætast.

Í götuhlaupum er, eins og nafnið gefur til kynna, hlaupið á götum. Þó er gert ráð fyrir því að þar sem svo háttar til, megi einnig láta braut ná yfir gangstíga eða hjólastíga við vegi, svo lengi sem hlaupið er á föstu undirlagi, sbr. IAAF reglu 240.2.

Að mati laganefndar er það augljóst að brautin sem mæld var og mörkuð í umræddu hlaupi gerði ráð fyrir því að hlaupið væri á götunni á þessum tiltekna stað og að keppandinn Arnar Pétursson hafi því, með því að hlaupa yfir hinn steipta kant, farið út fyrir mælda og markaða braut keppinnar. Ef hlaupa skal á gangstígum og hjólastígum, skal það vera sérstaklega merkt, sem var ekki í þessu tilviki.

Í IAAF reglu 240.10 segir:

If the Referee is satisfied on the report of a Judge or Umpire or otherwise that an athlete has left the marked course thereby shortening the distance to be covered, he shall be disqualified.

Það er mat laganefndar, að hið kærða atvik megi færa undir þessa gr. enda sýnilegt að leið hlauparans styttest nokkuð við atvikið og hefði því að mati laganefndar átt að vísa honum úr keppni vegna þess.

Brautardómarar gerðu sér grein fyrir brotinu, eins og sést af viðbrögðum þeirra, en þeir lokuðu strax leiðinni fyrir öðrum hlaupurum, en þeir aðhöfðust ekki frekar.

Það liggur fyrir að ekki var tekið á atvikinu í keppninni, árangur Arnars Péturssonar var viðurkenndur og stendur nú í afrekaskrá FRÍ.



Að mati laganefndar ætti stjórn að hafa til hliðsjónar það meginsjónarmið að árangri sem skráður er af hálfu sambandsins sé sannarlega náð í samræmi við gildandi reglur viðkomandi keppnisgreinar og að verðlaun og titlar séu aðeins veittir á grundvelli slíks árangurs.

Laganefnd telur að það séu hagsmunir íþróttarinnar og frjálsíþróttahreyfingarinnar í heild, sem og einstakra keppenda, að skráður árangur og veiting verðlauna og titla sé jafnan hafin yfir vafa.

Að mati laganefndar gerðist Arnar Pétursson, í umræddu hlaupi, brotlegur við gr. 240.9 í keppnisreglum IAAF, sem skv. gr. 240.10 varðar brottrekstri.

Fyrir slíkri málsmeðferð stjórnar telur laganefnd vera alþjóðleg fordæmi og vísar til máls ítalska langstökkvarans Giovanni Evangelisti, en á grundvelli myndbanda var talið sannað að stökk hans á heimsmeistaramótinu í Róm árið 1987 hefðu verið ranglega mæld. Hann var því sviptur verðlaunum sínum og árangur hans afskráður.

- III. Í kærinni er vísað til þess að myndband á Facebook-síðu mótsins sýni að ekki hafi verið hleypt af skoti við upphaf hlaupsins og að keppandinn Arnar Pétursson hafi hlaupið af stað á undan öðrum keppendum.

Laganefnd auðnaðist ekki við yfirferð málsins að átta sig á því hvaða myndbands var vísað til. Í ljósi niðurstöðu nefndarinnar í kafla II telur nefndin ekki ástæðu til að fara nánar ofan í þennan þátt kærunnar, en leggur sem fyrr áherslu á að mótshaldarar meistaramóta vandi sig við framkvæmd þeirra og vísar til IAAF reglu 240.6 þar sem segir:

The races shall be started by the firing of a gun, cannon, air horn or like device. The commands for races longer than 400m shall be used (Rule 162.2(b)). In races which include a large number of athletes, five-minute, three-minute and one-minute warnings before the start of the race should be given. On the command "On your marks", the athletes shall assemble on the start line in the manner determined by the organisers. The Starter shall ensure that no athlete has his foot (or any part of his body) touching the start line or the ground in front of it, and shall then start the race.

- IV. Laganefnd hefur áður vísað til þess að mikilvægt sé að FRÍ tilnefni sérstaklega yfirdómara á meistaramót sín, enda hlutverk hans mikilvægt. Samkvæmt upplýsingum frá FRÍ liggur fyrir, að ekki var tilnefndur sérstakur yfirdómari á þetta tiltekna mót.

Það leiddi meðal annars til þess að ekki var unnt að framfylgja reglum í því tilviki sem hér er kært, þ.e. ekki var unnt að kæra atvikið á staðnum og fá um það úrskurð yfirdómara áður en úrslit voru tilkynnt. Liggur fyrir að slíkt er verulega bagalegt.



Eins og fram kemur í kafla I hér að framan telur laganefnd að vegna þessa sé stjórn rétt að taka mál þetta til úrskurðar og ítrekar jafnframt mikilvægi þess að á mótum sé til staðar yfirdómari tilnefndur af FRÍ.

Vegna þess sem fram kemur í kæru telur laganefnd rétt að taka sérstaklega fram að einstakir starfsmenn eða stjórnarmenn FRÍ geta að mati laganefndar aldrei tekið að sér hlutverk yfirdómara á staðnum séu þér staddir þar sem áhorfendur eða í hlutverki sínu fyrir hönd FRÍ, án þess að þeim hafi áður verið falið það hlutverk sérstaklega.

- V. Laganefnd ítrekar að mótshaldarar ættu ætíð að leitast við að hafa ferlið við birtingu úrslita skilmerkilegt þannig að keppendur velkist ekki í vafa um það hvenær úrslitin liggja fyrir.

Laganefnd telur að stjórn þurfi að meta það hvort að rétt sé að hinn kærði í máli þessu eigi að fá að koma sínum sjónarmiðum á framfæri áður en endanlegur úrskurður í kærinni liggur fyrir. Almennt er gert ráð fyrir að svo sé við meðferð mála, t.d. í almennri stjórnsýslu, nema í þeim tilfellum þegar atvik máls teljast liggja svo skýrt fyrir að þess gerist ekki þörf.

Laganefnd ítrekar að úrskurði stjórn í málinu, sé sá úrskurður kæranlegur til dómstóls ÍSÍ sbr. 1. mgr. 25. gr. laga FRÍ. Því verður að tilkynna kæranda og hinum kærða formlega um úrskurð stjórnar strax þegar hann liggur fyrir.

Laganefnd FRÍ, 12. ágúst 2015.

Ásbjörn Karlsson.
Sigurður Haraldsson.
Stefán Bogi Sveinsson.